



Fjármála- og stjórnsýslusvið

VIRDING
JÁKVÆÐNI
METNABUR

Dalvíkurbyggð
27. október 2020

Það er ósk sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar að breytingar þær sem gerðar voru á reglugerð nr. 676/2019 um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2019/2020 vegna sérreglna sem sveitarfélagið sendi frá sér, haldist óbreyttar fyrir fiskveiðíárið 2020/20201.

Ósk okkar er því sú að eftirfarandi breytingar taki gildi með nýrri reglugerð nr. 728/2020

1. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á þannig: 30% úthlutaðs byggðakvóta byggðarlags skal skipt jafnt á alla þá báta úr viðkomandi byggðarlagi sem sækja um byggðakvóta og uppfylla að öðru leyti ákvæði 1. gr. Óski einhver eftir tilteknu magni kvóta, sem er minna en hann á rétt á samkvæmt þessu ákvæði, þá skiptast eftirstöðvar þess hluta byggðakvótans jafnt milli hinna umsækjendanna. 70% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskigildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Ekkert skip fær þó meira en 35% af þeim 70% sem skipt er samkvæmt lönduðum afla.
2. Ákvæði 1. og 4. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla, ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskisksips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindur sig til þess að vinna aflann. Þó eru vinnsluaðila heimil jöfn skipti, miðað við þorskigildisstuðla, á tegundum við annan vinnsluaðila, og komi þá slík fyrirætlan fram í þeim samningi sem eigandi fiskisksips gerir við fiskkaupanda, og skal sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.

Afgreitt án athugasemda á 960. fundi Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar, 15. október 2020
Samþykkt á 328. fundi Sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar, 27. október 2020

Fyrir hönd Dalvíkurbyggðar

Katrín Sigurjónsdóttir
Sveitarstjóri